



Reykjavík, 18. mars 2024

MSS23080042

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um einskiptisafslátt af sorphirðugjöldum – MSS23080042

Á fundi borgarráðs þann 17. ágúst 2023 lögðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að fjármála- og áhættustýringarsvið verði falið að útfæra einskiptis afslátt af sorphirðugjöldum í ljósi þess að sorphirðudagar féllu út í sumar og íbúar Reykjavíkur urðu fyrir verulegum þjónustubresti.

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillöguna.

Sorphirðugjöld eru ákvörðuð skv. heimild í lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöldin eru reiknuð og áætluð almennt og sem næst raunkostnaði við fjárhagsáætlunargerð nk. árs. Þau eru reiknuð fyrir árið og ekki breytt nema verulegar breytingar verði á forsendum fjárhagsáætlunar. Engar breytingar voru gerðar á hirðugjöldum vegna ársins 2023 í kjölfar innleiðingar á breyttri hirðu þrátt fyrir aukinn kostnað, en álagning hækkuð árið 2024 í samræmi við ákvæði laga. Samkvæmt framangreindum lögum um meðhöndlun úrgangs ber að innheimta að fullu fyrir öllum kostnaði við meðhöndlun úrgangs.

Virðingarfyllst,

Haldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs
Skrifstofa sviðsstjóra



Reykjavík